

B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis v/þingskjals 136 — 136. mál.

Efni: Umsögn Knattspyrnufélags Reykjavíkur, KR, vegna frumvarps til laga um endurgreiðslur til félagsamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Aðalstjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur, KR, hefur fjallað um frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagsamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. KR fagnar framlögðu frumvarpi og styður það heilshugar. Verði frumvarpið að lögum mun það efla til mikilla muna allt íþróttastarf. Einn grunnur að öfluggu íþróttastarfi og bættri lýðheilsu er góð íþróttaaðstaða fyrir iðkendur.

Nú er það svo að uppbygging og rekstur íþróttamannvirkja í Reykjavík er með ólíkum hætti. Hjá mörgum félögum í Reykjavík eru íþróttamannvirki í eigu Reykjavíkurborgar sem sér um rekstur og viðhald þeirra. Einnig þekktist það að fasteignafélög eiga íþróttamannvirki sem leigja Reykjavíkurborg aðstöðu fyrir félögin. Rétt er að benda á að KR svæðið er erfðafestuland og íþróttamannvirki á svæðinu eru í eigu KR, sem sér um rekstur og viðhald mannvirkjanna. Þann 16. febrúar s.l. fagnaði KR 120 ára afmæli sínu. Iðkendum í KR fjölga ört og í dag eru iðkendum KR á þriðja þúsund á öllum aldri og fer fjölgandi, í 14 íþrótt- og félagsdeildum. Þegar um svo stóran hóp iðkenda er að ræða gefur það augaleið að félag sem er með starfsemi í 14 íþrótt- og félagsdeildum á erfitt með að koma til móts við óskir allra um góða æfingatíma og góða aðstöðu.

Síðustu ár hefur mikil vinna verið lögð í að endurskipuleggja KR svæðið með hliðsjón af bættri íþrótt- og félagsaðstöðu. Þarfagreining sem gerð var á vegum KR fyrir nokkrum árum sýndi fram á að mikilvægt er að ráðast í byggingu nýs íþróttasalar, knatthúss og félagsaðstöðu. Það er ljóst að verði þetta frumvarp að lögum mun það auðvelda til mikilla muna þessa uppbyggingu. Góð íþróttaaðstaða og uppbygging íþróttamannvirkja er grunnforsenda til að halda úti öflugri starfsemi íþróttafélaga, þannig verður hægt að koma til móts við fjölgun iðkenda. Viðhald og uppbygging mannvirkja hefur í 120 ár verið borin upp af sjálfboðaliðum félagsins.

Endurgreiðsla byggingarkostnaðar til íþróttafélaga mun skila sér sem langtímafjárfesting fyrir land og þjóð. En það er kunnara en frá þurfi að segja að íþróttir hafa mikið forvarnargildi og góð íþróttaaðstaða stuðlar að bættri lýðheilsu. Hlutverk íþróttafélaga þegar kemur að því að viðhalda og bæta heilbrigði einstaklinga er óumdeilt. Sem dæmi má nefna að iðkendum í KR eru á öllum aldri, krakkar á leikskólaaldri sem koma í heimsókn, ýmist með leikskólum sínum eða taka þátt í íþróttaskóla barna uppí eldri borgara sem taka þátt í verkefninu „Krafur í KR“ þar sem eldri borgarar mæta á fjölbreyttar æfingar með þjálfara“.

Að framansögðu, fagnar aðalstjórn KR framkomnu frumvarpi og skorar á Alþingi Íslendinga að samþykka frumvarpið.

Fyrir hönd aðalstjórnar KR,

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, formaður KR